

Fimmtudaginn 4. janúar 1996.

Nr. 424/1995. **Rut Skúladóttir**

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 5. desember 1995, þar sem Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari hafnaði þeirri kröfu sóknaraðila, að hún viki sæti í máli um gildi nauðungarsölu, sem sóknaraðili beinir að varnaraðila. Kæruheimild er í 85. gr., sbr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og héraðsdómaranum gert að víkja sæti í málinu. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Dæma verður sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun fjárhæðar málskostnaðar er tekið tillit til þess, að kæra þessi er gersamlega að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Rut Skúladóttir, greiði varnaraðila, Íslandsbanka hf., 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1995.

Í þinghaldi 1. desember sl. var þess krafist af hálfu sóknaraðila, að dómari málsins viki sæti, og er úrskurður þessi kveðinn upp í tilefni þess og samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Krafa sóknaraðila er studd þeim rökum, að dómari hafi ekki gætt fyriræla 3. tl. 97. gr. laga um meðferð einkamála við meðferð málsins, og beri honum því að víkja sæti með vísan til b- og g-liðar 5. gr. sömu laga, sbr. Mannréttindasáttmála Evrópu, 1. og 6. gr. Telur sóknaraðili, að óheimilt hafi verið að taka málið fyrir 17. nóvember sl., þar sem sóknaraðili hafði daginn áður tilkynnt dómara veikindaforföll. Þá hafi ekki mátt leggja fram gögn í því þinghaldi og ekki ákveða, að munnlegur málflutningur færi fram í næsta þinghaldi um frávísunarkröfu, sem fram kom í greinargerð varnaraðila. Sóknaraðili telur, að með þessu hafi dómari virt að vettugi ákvæði 3. tl. 97. gr. framangreindra laga.

Af hálfu varnaraðila hafa engar athugasemdir komið fram við kröfu sóknaraðila um, að dómari viki sæti í málinu, að öðru leyti en því, að greinargerð, sem lögð var fram í þinghaldi 17. nóvember sl., hafi verið lögð fram af varnaraðila, en ekki dómara.

Hinn 31. október sl. var ákveðin fyrirtaka í málinu 17. nóvember sama ár og að varnaraðili skilaði skriflegri greinargerð í því þinghaldi. Er málið var tekið fyrir þann dag, var því frestað vegna forfalla sóknaraðila, en greinargerð var lögð fram í þinghaldinu af hálfu varnaraðila, eins og áður hafði verið ákveðið og í samræmi við ákvæði 3. mgr. 83. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991, þar sem segir, að veita beri málsaðila skamman frest til að skila greinargerð. Ákvörðun dómars um munnlegan málflutning um frávísunarkröfu varnaraðila var tekin á grundvelli 2. mgr. 100. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga um nauðungarsölu, og var málflutningur ákveðinn 23. nóvember sama ár, en að beiðni sóknaraðila var honum frestað til 1. desember s. á.

Þegar málið var tekið fyrir 17. nóvember sl., var það gert í samræmi við fyrri ákvörðun þar um. Ekki verður á það fallist, að 3. mgr. 97. gr. laga um meðferð einkamála leggi bann við því, að dómari taki mál fyrir, þegar málsaðili hefur boðað forföll, enda eðlilegt, að það verði gert, til þess að unnt sé að leggja fram staðfestingu þess, að forföll séu lögmæt. Málinu var frestað í samræmi við framangreint lagaákvæði og sóknaraðila tilkynnt um það.

Að þessum atriðum virtum verður ekki fallist á, að dómari sé vanhæfur til að fara með málið af ástæðum, sem taldar eru í b-lið 5. gr. laga um meðferð einkamála, eins og sóknaraðili heldur fram. Þá verður ekki heldur fallist á, að dómara beri að víkja sæti með vísan til g-liðar sömu lagagreinar, enda hefur sóknaraðili ekki bent á neinar réttmætar ástæður til, að draga

megi óhlutdrægni dómarans í efa. Samkvæmt því verður að líta svo á, að sóknaraðili njóti þess réttar, sem tryggður er með 1. og 6. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Með vísan til þessa verður að synja kröfu sóknaraðila um, að dómarinn víki sæti við meðferð málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu sóknaraðila um, að dómarinn víki sæti í málinu.
